

## Samráðsfundur

**Dags:** 31. okt. 2008, kl. 11:00

**Aðili:** Hálandisferðir

Fulltrúar: Ósk Vilhjálmisdóttir, Þuríður Einarsdóttir, Sigurður Sigurðsson

Tengiliðir: [osk@this.is](mailto:osk@this.is); the10@his.is

**Viðstaddir stjórnarmenn:** Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Anna Sverrisdóttir, Kristín Huld Sigurðardóttir, Helga Barðadóttir (Iðnaðarráðuneytinu), Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytið) og Tómas Þór Tómasson, starfsmaður Verkefnisstjórnar, sem skrifaði fundargerð.

1. Þau þremmingar mættu á fundinn sem einstaklingar undir samheitinu Hálandisferðir. Þau eru öll miklir náttúruverndarsinnar og lýstu skoðunum sínum almennum orðum sem all flestir lutu að verndun hálandisins. Að neðan er úrdráttur úr framburði þeirra sem var mjög samhljóma
2. Ósk hefur starfað um árabíl sem ferðaskipuleggadi og alls í 18 ár innan ferðaþjónustunnar.. Áherslusvið hennar hafa verið ferðir um „ósnortna náttúru“. Hún segir finna fyrir auknumáhuga erlendra ferðamanna að „upplifa nýtt“ og enn sem fyrr er náttúra landsins helsta aðráttarafið. Tiltölulega nýr og stækkandi hópur - fólk á öllum aldri, ekki síst í yngri kantinum og hafa ferðast mjög víða - sækir nýja upplifun til landsins, t.d. áhugi á myrkri, roki, rigningu, kyrrð, svarta sanda, ósnortin víðerni, lífrænum marvælum o.fl. „Fólk sem vill innihald – ekki pakkamatreiðslu.“ Öll þrjú bentu á að hér væru mikil sóknarfæri innan ferðaþjónustunnar – „ekki síst til uppbyggingar í þessu ástandi enda teygði ferðaþjónustan sig út í háráðakerfi þjóðfélagsins og hefði mjög jákvæð áhrif á byggðaþróun ... Gott tæki til að byggja upp sjálfstraust okkar, tryggja og treysta menningararfinn.“ Stundum væri talað um að nýting og ferðaþjónusta fari saman en drógu það mjög í efa og „engir ferðamenn hafa áhuga á að skoða virkjanir“. „Við getum ekki bæði verndað og virkjað.“
3. „Það sem brennur á okkur er að við verðum að vita að [í rammaáætlun] liggi ekki öll svæði undir.“ „Verndun er lang mikilvægasta nýting náttúrusvæða.“ „Er verið að merka stefnu til langrar framtíðar?“ „Hver er framtíðarsýnin“. Töldu að búið væri að virkja hagkvæmustu staðina.
4. Þökkuðu fyrir að fá að hitta nefdina og reifa skoðanir sínar og töldu mikilvægt að almenningur fengi líkan aðgang og ætti þess kost að fylgjast með starfinu. Töldu vert að fá íslenskan rýnihóp til að kanna upplifun af þeim stöðum sem væri verið að skoða. Þegar rætt væri um upplifun þyrfti að vera um „heildarupplifun“ að ræða – ekki einstök fyrirbæri eða staði. Mikilvægt væri líka að fá „trúverðugt mælitæki til að mæla landslag“ og meta fjárhagslegt gildi ósnortins lands og landslag.